



Stjórnarfundur haldinn 11.des. 2003 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar lá frammi.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá ÍRB/kjör á íþróttamönnum og íþróttamanni RNB á gamlársdag kl. 13.00 í íþróttarhúsi Njarðvíkur. Óskað er eftir tilnefningum félagsins.

Bréf frá Útbreiðslunefnd Keflavíkurkirkju/æskulýðsdagurinn 2004 er 7. mars og farið þess á leit við félagið að það geri þennan dag að sínum degi. Ákveðið að fela Bjarney þetta mál.

Bréf frá ÍSÍ ásamt sex fánaum með lógoi fyrirmyndarfélags ÍSÍ. Félagið og deildir hvattar til að halda honum hátt á lofti.

3. Send bréf.

Engin.

4. Jólblað Keflavíkur.

Efni í blaðið var með meira móti þetta árið og því miður var ekki hægt að birta allar greinar vegna plássleysis. Blaðið fer í dreifingu 10.-12. desember 2003. Körfuknattleiksdeildin (meistaraflokkur karla) sér um dreifinguna. Stjórnarmenn eru ánægðir með efni og útlit. Aðalstjórn vill koma þökkum til þeirra sem hjálpuðu til við efni blaðsins svo og styrktaraðila.

5. Íþróttamaður Keflavíkur 2003.

Ákveðið er að halda hóf 27.des. þar sem íþróttamenn félagsins verða heiðraðir.

Samþykkt að fela stjórn körfuknattleiksdeild að sjá um veitingar.

Samþykkt að breyta formi á viðurkenningum og framkvæmdastjóra falið verkefnið. Ákveðið að fresta með að taka ákvörðun til 13. des. um hver hljóti titilinn Íþróttamaður Keflavíkur 2003 þar sem allar deildir voru ekki búnar að skila tilnefningum.

5. Önnur mál.

Rætt var um skemmdaverk sem gerð voru á félagsaðstöðunni og lýstu menn yfir áhyggjum með endurtekin innbrot. Það er nokkuð ljóst að öryggiskerfið hússins hefur bjargað félaginu frá frekari tjóni.

Einar sagði frá ferð sem hann fór með stjórn UMFÍ til Danmerkur.

Á örðum stjórnarfundum UMFÍ var Einar skipaður í nefnd að endurskoða skipurit UMFÍ ásamt þeim Ásdísi Helgu Bjarnadóttur og Birgi Gunnlaugsonar.

Birgir fór yfir fundargerð framtíðarnefndar. Ákveðið að fá Þorleif Björnsson til að teikna upp svæðið. Framkvæmdastjóra falið að tala við Þorleif og koma á fundi.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:00.